

Trúðar.

I.

VILHJÁLMUR IX. FRÁ POITIERS.

Trúður er orð sem vjer höfum oft heyrt. Táknað það nú orðið, í algengu máli, fífl, eða þann sem skemtir með leikjum og ljettúðar gamni ýmsu. Hefir orðið víðast hvar fremur óvirðulega merkingu. "Trúðar og leikarar leika þar um völl" segir Dr. Grfmur Thomsen um leikara Goðmundar á Glæsivöllum "en lítt er af setningi slegið". — Þó þetta sje almennur skilningur, er hann alls ekki rjettur. Hefir tapast þekking á uppruna orðsins og sögu, sem er nátengd blómaldar sögu miðalda bókmentanna.

Hvað er Trúður og hverjir voru Trúðarnir?

Öllum er kunnugt um hirðskáldin íslenzku á miðöldunum, er sátu við hirðirnar og kváðu konungum lof.

Sunnan til í Frakklandi, í Province hjeraðinu var um sama leyti uppi skáldaflakkar er nefndir voru "Troubadourar" eða "Trúðar", eins og Norðmenn kölluðu þá. Sungu þeir færra um konunga og orustur, en meira um ástir ríkra drotninga og fríðra meyja. Fóru þeir land úr landi, hjeldu sig við hirðir greifa, hertoga og konunga, undir vernd drotninga og ríkra kvenna, og ortu til þeirra mansöngva og æfintfra ljóð. Voru mörg þessara ljóða hin fegurstu að rími og orðfæri. Að efni til voru þau misjöfn, en oftar eitt hvert ástar æfintfri, ef kvæðinu var ekki snúið eingöngu til þeirrar er til var ort. Eru sum þessara kvæðu fyrstu heimildir, að hinum suðrænu æfintfrasögum er margir þekkja.

Flestir voru Trúðarnir, umkomulitlir menn, er unnu sjer til frægðar með ljóðhagleik sínum, og óseðjandi æfintfiraþrá. Þó voru nokkrir af tignum ættum. Við gat borið að þeir fjelli í ónád fyrir kvæði sín, hjá konungum og hertogum, er þótti þeir hafa fullmikinn umgang við heldri konur hirðarinnar. Kom stundum fyrir að rógburður og öfundsýki galt þeim líflát að kvæðislaunum. Urðu þá þeir atburðir orsök til nýrra kvæða og æfintfra ljóða.

Einn meðal fyrstu Trúðanna er sögur fara af, var hinn frægi aðalsmaður og greifi, Vilhjálmur IX. frá Poitiers. Þótt göfugrar